

143
24. júlí

AUGLÝSING

um eftirlitsgjald af fódurblöndum.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 63 31. maí 1947, um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fódurvörur, hefur ráðuneytið ákveðið, að ákvæði auglýsingar nr. 202 25. okt. 1947, um eftirlitsgjald af fódurblöndum, skuli gilda óbreytt árið 1951.

Atvinnumálaráðuneytið, 24. júlí 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

144
30. júlí

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Borgarness.

I. RAFORKUSALA

Rafveita Borgarness selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Til lýsingar.

1. Um kwst.mæli á 140 aura hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 80 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi 20 aurum á mánuði af hverjum m² gólfflatar í rúmi því, sem lýsa skal. Fyrir geymslur og ganga greiðist þó 10 aurar af hverjum m² á mánuði.
3. Um kwst.mæli á 38 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi 45 aurum á mánuði af hverjum m² gólfflatar í rúmi því, sem lýsa skal. Fyrir geymslur og ganga greiðist þó 25 aurar af hverjum m² á mánuði.

B. Til heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á 38 aura hverja kwst. fyrstu notkunar, er nemi 1500 kwst. á ári fyrir hvert eldhús, að viðbættum 150 kwst. á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar. Notkun umfram þetta greiðist með 25 aurum hver kwst.

Notandi greiði auk þess fastagjald, kr. 5.00 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal reikna sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö.

C. Til véla.

1. Um kwst.mæli á 80 aura hverja kwst. Ársnotkun umfram 300 kwst. á hvert kw. í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla greiðist með 38 aurum hver kwst.
2. Um kwst.mæli á 20 aura hverja kwst. til matvælaíðnaðar, ef uppsett rafvélaafl fastra véla er yfir 40 kw., enda sé árlegur nýtingartími eigi minni en 1200 kwst. á hvert uppsett kw. vélanna. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn í allt að eina og hálf klst. um hádegið, á tíma mesta álags.

Eftir þessum gjaldskrárlíð má selja raforku til rafsúðu málma.